

FYLGISKJAL NR. 1007

DAGS 22.08.2000

SAMANTEKT:

5. fundur skipulags- og byggingarnefndar.

2. mál á dagskrá:

Fyrirspurn berst nefndinni frá Bjarna Marteinssyni, Háaleitisbraut 3 í Reykjavík. Þar vísa nefndarmenn (Eyjólfur Árni Rafnsson, Sigurður Kristjánsson, Ólafur Guðmundsson – Með þeim sátu Ásbjörn Þorvarðarson byggftr. og Tryggvi Jónsson bæjarverkfr.) til fyrri umræðna og telur nefndin að hér sé um of þétta byggð að ræða.

Umhverfisnefnd er falið að vinna frekar að málinu í samræmi við umræður á fundinum.

Tryggvi Jónsson, bæjarverkfræðingur, sendir erindi dags. 23. ágúst 2000 til Bjarna Marteinssonar sem er í samræmi við framangreint.

Skipulags- og byggingarnefnd, fundur nr. 5

Dags. 22. Ágúst 2000

**5. fundur
skipulags- og byggingarnefndar
var haldinn í fundarsalnum
á 4. hæð að Þverholti 2, þriðjudaginn
22. ágúst 2000 og hófst kl. 7:30.**

3

Mættir voru: Eyjólfur Árni Rafnsson, Sigurður Kristjánsson, Ólafur Guðmundsson, Björnsson, Ásbjörn Þorvarðarson byggingarfulltrúi, Tryggvi Jónsson.

Fundargerð ritaði: Tryggvi Jónsson.

1. mál: Deiliskipulag íþrótt- og skólasvæðis með Varmá.

Fyrir liggur að Vegagerðin fellst ekki á aðkomu frá Vesturlandsvegi.

Nefndin óskar eftir því við Vegagerðina að hún geri skriflega grein fyrir þeim forsendum sem liggja til grundvallar höfnun þeirra á vegtengingu að fyrirhuguðum sumarhúsum og tjaldsvæði frá Álafosshringtorgi, einnig er óskað eftir því við tækni- og umhverfissvið að metinn verði kostnaður við þverun Varmár við Brúarland.

2. mál: Deiliskipulag lands Hulduhlíðar.

Fyrirspurn frá Bjarna Marteinssyni Háaleitisbraut 3, Reykjavík.

Með vísun til fyrri umræðna telur nefndin að hér sé um of þetta byggð að ræða og felur umhverfisdeild að vinna frekar að málinu í samræmi við umræður á fundum.

3. mál: Sláthús Ísfugls við Reykjaveg.

Framhaldsumræða. Eftirfarandi athugasemdir bárust frá íbúðum við Víðiteig 30,32 og 34 og meðfylgjandi eru svör nefndarinnar.

a) Sláthúsið sé of nálægt íbúðarbyggð.

EKKI er í lögum nein ákvæði um lágmarksfjarlægð frá íbúðarbyggð. Hins vegar er í lögum ákvæði um lágmarksfjarlægð eldishúsa frá íbúðarbyggð.

b) Óþefur frá starfseminni.

Óþefur sem kvartað er um berst frá eldishúsum sem eru í eigu annars aðila, en ekki frá sláthúsinu. Sláthús eru samkvæmt lögum starfsleyfisskyld og er starfsleyfisumsókn fyrirtækisins nú til meðferðar hjá Heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis. Ekki verður séð að starfsemi þessi samræmist ekki lögum þar um.

c) Skipulag byggðar, þ.e. að staðsetja sláthús svo nærrí þéttbýli samræmist ekki nútímalegri hugsun.

Starfsemi þessi er þegar fyrir hendi og er í nálægð iðnaðar- og athafnasvæðisins við Meltún, þar sem uppbygging á matvælafyritækjum á sér stað. Stækkunin mun mjög bæta alla starfsemi sláthússins og draga úr þeirri mengun sem mögulegt er að borist geti frá sláthúsinu þar sem við stækkunina er gert ráð fyrir því að vinnuferli sláthússins verði samkvæmt nýjustu kröfum þar um.

Nefndin frestar afgreiðslu málsins þar sem framkvæmd þessi er tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar samkvæmt 6. gr.laga nr.106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, 2. viðauki, og beinir nefndin því til framkvæmdaraðila að tilkynna framkvæmdina í samræmi við lög.

4.mál: Bréf umhverfisráðuneytisins, dags. 23.05.2000 um staðbundnar viðurkenningar á iðnmeisturum. Vísun frá 471. fundi bæjarráðs.

Í framhaldi af skriflegri umsögn Umhverfisráðuneytisins dags. þ.23. maí 2000, var endurupptekin umsókn eftirtalinna iðnmeistara um staðbundna viðurkenningu til að standa fyrir byggingum sem iðnmeistarar í lögsagnarumdaemi Mosfellsbæjar.: Gísli Guðmundsson Bergsmára 13, 200 Kópavogi , sem húsasmíðameistari.

Helgi M. Guðjónsson , Flétturima 38, 112 Reykjavík, sem pípulagningameistari.

Haraldur Bjargmundsson Úthlíð 9, 105 Reykjavík , sem húsasmíðameistari.

Sigþór P. Svavarsson Laufengi 82, 112 Reykjavík sem húsasmíðameistari.

Jón Ómar Finnsson ,Aðalstræti 63, Akureyri sem húsasmíðameistari.

Stefán G. Aðalsteinsson , Bergholti 13, 270 Mosfellsbæ, sem húsasmíðameistari.

Nefndin samþykkir að veita ofangreindum iðnmeisturum staðbundin réttindi í Mosfellsbæ.

Jafnframt samþykkir nefndin að veita byggingarfulltrúa framvegis almenna heimild til afgreiðslu staðbundinna leyfa til iðnmeistara í sveitarféluginu í samræmi við lög.

5. mál: Sunnuhvoll- hesthús.

Sigfinnur Þorsteinsson Sunnuhvoli óskar eftir leyfi til byggingar á hesthúsi við Sunnuhvol.

Frestað.

6.mál: Deiliskipulagsbreyting við Höfðahverfi- Rituhöfði.

Grenndarkynningu lauk 21. ágúst og hafa engar athugsemdir borist.

Þó hefur borist bréf frá eigendum Rituhöfða 2 og 4 um að þeir áskilji sér rétt til frekari bóta.

Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við bæjarstjórn að hún samþykki breytingar á deiliskipulaginu í samræmi við 2. mgr. 26 gr. skipulags- og byggingarlaga.

7. mál. Sumarhús í landi Reykjahvamma.

Sveinn Fjalar Ágústsson, Brekkutanga 15, Mos. óskar eftir að byggja 70 m² sumarhús.

Frestað.

8. mál: Bréf Reykjalundar til skipulagsnefndar, dags. 28. júlí 2000.

Erindi Reykjalundar um að landnotkun á landspildu í eigu Guðmundar Lárussonar verði breytt í stofnanasvæði við endurskoðun aðalskipulags.

Nefndin samþykkir að vísa málinu til endurskoðunar aðalskipulags.

9. mál: Hrafnshöfði 23.

Gunnar Guðjónsson, Markholti 5, Mos. sækir um leyfi til að breyta fyrirkomulagi innanhúss, setja gönguhurð á bílskúr og breyta valmaþaki í risþak.

Stærð íbúðar eftir breytingu: 117,6 m²

Stærð bílskúrs 36,4 m²

Samtals 572,9 m³

Samþykkt.

10. mál: Víðiteigur 2- breytingar innanhúss.

Húsfélagið Víðiteigi 2, Mosfellsbæ sækir um leyfi til að breyta óráðstöfuðu þakrými í vinnu- og tómstundaaðstöðu. Engar stærðarbreytingar.

Samþykkt.

11. mál: Sumarhús við Hafravatn í landi Úlfarsfells, rafmagnstenging.

Ívar Björnsson Stórateigi 25, 270 Mosfellsbæ sækir um leyfi til að tengja rafmagnsheimtaug fyrir ljós og hita í sumarhús sitt í landi Úlfarsfells.

Samþykkt, enda verði ekki um heilsársbyggingu að ræða.

Jafnframt samþykkir nefndin að veita byggingarfulltrúa framvegis almenna heimild til afgreiðslu mála er snúa að rafmagnsheimtaug í hús, enda liggi fyrir fullnægjandi gögn, þ.m.t. hnitasettur uppdráttur af viðkomandi landi svo og fullnægjandi teikningar af mannvirknu og yfirlýsing frá umsækjanda þegar um sumarhús er að ræða um að ekki verði um heilsársbyggingu að ræða.

12. mál: Önnur mál

a. Miðdalsland 2. rafmagn í sumarbústað.

Magrét Halldórsdóttir Holtsbúð 87, 210 Garðabæ sækir um leyfi til að tengja rafmagnsheimtaug fyrir ljós og hita í sumarbústað sinn á spildu úr Miðdalslandi 2, fastanr. 2084621.

Samþykkt, enda verði ekki um heilsársbyggingu að ræða.

b) Álafossvegur 12.

Erindi frá Halldóri Gíslasyni, Brekkulandi 4a, Mosfellsbæ, sækir um leyfi til byggingar vinnustofu.

Stærð húss: 72 m²

Samtals rúmmál 374,4 m³

Málið kynnt.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundi slitið kl. 9.15



Bjarni Marteinsson
Háaleitisbraut 3,
108 Reykjavík.

⁵⁻²
Mosfellsbæ 23.08.00

Málefni: Deiliskipulag lands Hulduhóla og Láguhlíðar.

Á 5. fundi skipulags- og byggingarnefndar Mosfellsbæjar 22. ágúst 2000 var ofangreint málefni til umfjöllunar og svohljóðandi bókun var gerð:

“Fyrirspurn frá Bjarna Marteinssyni Háaleitisbraut 3, Reykjavík.

Með visun til fyrri umræðna telur nefndin að hér sé um of þetta byggð að ræða og felur umhverfisdeild að vinna frekar að málín i samræmi við umræður á fundum”.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,

f.h. tækni- og umhverfissviðs

Tryggvi Jónsson Bærjarverkfræðingur